

**Fundargerð 368. fundar  
framkvæmdastjórnar Sjúkraliðafélags Íslands,  
haldinn 17. apríl 2019, kl. 15.30 að Grensásvegi 16.**

**Fundinn sátu:**

Sandra B Franks, formaður  
Kristín Ólafsdóttir, varaformaður  
Jóhanna Traustadóttir, ritari  
Jóna Jóhanna Sveinsdóttir, gjaldkeri

**Fundarritun:**

Gunnar Örn Gunnarsson, framkvæmdastjóri SLFÍ

**Dagskrá**

- 1. Fundur settur**
- 2. Fundargerð síðasta fundar**
- 3. Kjaramál, kjaraviðræður**
  - Fundir BSRB með ríkinu og Reykjavíkurborg
    - Áherslur stjórnvalda
    - Fundir á LSH vegna hugmynda um styttingu vinnuviku vaktavinnufólks
  - Fundir SLFÍ með ríki og borg
    - Áherslur SLFÍ og upplýsingar af „Grasrótarfundum“.
- 4. Innkaupakort starfsmanns á skrifstofu og umboð til upplýsingaöflunar**
- 5. Heimsókn Norðmanna 26. apríl, skipulag og þátttaka**
- 6. Félagsstjórnarfundur og Fulltrúaþing SLFÍ, 6. og 7. Maí**
  - Drög að dagskrá þingsins
  - Drög að dagskrá félagsstjórnarfundar
- 7. Bókun 8, framvinda málsins**
- 8. Fagháskólanám, næstu skref**
- 9. Launaskriðstrygging hjá Reykjavíkurborg og sveitarfélögum**
- 10. Yfirferð yfir ársreikninga félagsins 2018, JJS gjaldkeri**

**Önnur mál**

**Fundargerð**

**1. Fundur settur**

Sandra B Franks (SBF) formaður Sjúkraliðafélags Íslands (SLFÍ) setti fund og bauð fundarmenn velkomna á fund framkvæmdastjórnar.

**2. Fundargerð síðasta fundar**

Jóhanna Traustadóttir (JT) ritari SLFÍ gerði grein fyrir að síðasta fundargerð væri samþykkt og komin á netið.

### 3. Kjaramál, kjaraviðræður

- SBF gerði grein fyrir þeim fundum sem verið hafa á vegum BSRB, bæði við ríkið og Reykjavíkurborg. Á síðasta fundi lagði samninganefnd ríkisins fram skjal þ.s. farið var yfir helstu áherslur SNR. Þau mál eru m.a. að stofnanir ríkisins verði góðir vinnustaðir, kjarasamningar stuðli að auknum kaupmætti, aukin áhersla á að frammistaða grundvalli launasetningu, skoða þarf skipulag vinnutíma, veikindarétturinn skoðaður og fleiri grundvallar málefni sem varða alla ríkisstarfsmenn verða rædd á væntanlegu sameiginlegu „stærra“ borði. Ákveðið var að SBF og Sonja formaður BSRB leiða umræðuna um styttingu vinnuvikunnar með sérstakri áherslu á vaktavinnufólk. Fram kom ítrekun á því að mjög mikilvægt er að niðurstaða þessarar umræðu/samninga verði klár/ir á undan samningaviðræðum félaganna.
- SBF og GÖG gerðu grein fyrir fundi sem þau ásamt formanni BSRB og starfsmanni kjaramála hjá hjúkrunarfræðingum áttu með fulltrúum mannauðssviðs á LSH og varðaði hugmyndir um styttingu vinnuskyldu hjá vaktavinnufólki. Hugmyndir eru m.a. um að breyta álagsgreiðslum og stytta vinnutíma út frá fjölda álagsvakta, mismikið eftir tíma vaktanna o.fl. LSH er einnig að búa til mannaflaspá varðandi heilbrigðisstarfsmenn.
- SBF fór einnig yfir fundinn sem kjaramálanefnd BSRB hefur átt með samninganefnd Reykjavíkurborgar.
- SBF gerði í stuttu máli grein fyrir framgangi grasrótarfundanna víðsvegar um landið. GÖG fór yfir helstu niðurstöður óformlegar áherslukönnunar sem gerð var á fundunum með sjúkraliðum.

### 4. Innkaupakort starfsmanns á skrifstofu og umboð til upplýsingaröflunar

SBF fór yfir að nauðsynlegt væri vegna tilfallandi innkaupa hér á skrifstofunni að hafa Visakort sem nýttist til smærri innkaupa. Málið rætt og umboð undirritað. Einnig var rætt um að veita formanni skoðunaraðgang að heimabanka félagsins og það samþykkt.

### 5. Heimsókn Norðmanna til SLFÍ þann 26. apríl, undirbúningur og þátttaka

SBF fór yfir að von væri á norskum félögum okkar frá Fagforbundet, sem hefðu áhuga á stöðu félagsins og starfsemi og vinnuumhverfi sjúkraliða o.fl. Stefnt er að matarboði að loknum kynningarfundum í hádeginu og rætt um hvort fulltrúar framkvæmdastjórnar hefðu áhuga á mæta.

### 6. Félagsstjórnarfundur og fulltrúafing 6. og 7. maí

SBF fór yfir drög að dagskrá þingsins og rætt um hvort allir liðir samkvæmt lögum félagsins ættu að vera á dagskránni og þá sérstaklega skrifað við hvort liðurinn eigi við. Ákveðið að senda uppfærða dagskrá og reikninga félagsins ársins 2018. Drög að dagskrá félagsstjórnar hefur verið send út og er að mestu leyti klár. Rætt var um hvað mál eigi að álykta um:

- Kjaramál
- Stytting vinnuvikunnar
- Menntamál
- Sjúkraliðabréf
- Fagháskólanám
- Heilbrigðisþjónusta
- Hjúkrunarrými

Rætt var um skipulag og framkvæmd félagsstjórnarfundar.

**7. Bókun 8, framhaldsviðræður**

SBF fór yfir að fundurinn sem átti að vera í upphafi þessarar viku hafi verið frestað, þannig að ekkert nýtt er að fréttu af þessu langdregna máli.

**8. Fagháskólanám – næstu skref**

SBF gerði grein fyrir að loksins hefði heyrst í ritara rektors HA og hún hefði látið vita að málið væri í skoðun, en hafi dregist vegna mikilla anna rektors. Málið rætt og ákveðið að senda bréf á heilbrigðisráðherra og óska eftir aðstoð við að fá fund með menntamálaráðherra.

**9. Launaskriðstryggingin hjá Reykjavíkurborg og sveitarfélögunum**

SBF gerði grein fyrir að á síðasta viðmiðunartímabili launaskriðstryggingarinnar fái sjúkraliðar hjá Reykjavíkurborg og sveitarfélögunum leiðréttingu upp á 1,5% og munu hækka frá 1. janúar 2019. Stefnt er að leiðréttingunni við næstu launakeyrslu.

**10. Yfirferð yfir ársreikninga félagsins 2018, JJS gjaldkeri SLFÍ**

JJS fór yfir helstu lykiltölur í ársreikningum félagsins. Fram kom að ekkert komi á óvart og allt samkvæmt áætlun.

**Önnur mál**

- Mál sjúkraliða á Þórshöfn rætt.

Fundi slitið kl. 17.25